

Námsáætlun í íslensku

10. bekkur haust 2015

Kennari: Írena Lilja Kristjánsdóttir



Námsþættir og kennsluaðferðir:

Bókmenntir: Fornsaga vetrarins verður *Gísla saga Súrssonar*. Nemendur vinna ýmis verkefni upp úr henni auk þess að taka þátt í umræðum um efnivið bókarinnar. Nemendur taka tvö próf úr bókinni. Einnig munum við sýna þeim kvikmyndina *Útlaginn*.

Kennsluaðferðir: Innlögn, umræður og verkefnavinna. Nemendur vinna ýmist einir eða í samvinnu við aðra. Bókin verður lesin upphátt af kennara í tímum.

Málfræði: Í málfræðinni munu nemendur vinna í *Finnur III* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur og *Íslenska - kennslubók í málvísi og ljóðlist* (gormurinn) eftir Jón Norland og Gunnlaug Snævarr.

Kennsluaðferðir: Innlögn, umræður, vinnubókarkennsla, ýmist einstaklings- eða samvinnuverkefni.

Ritun: Sérstök áhersla verður lögð á ritun á önninni og nemendur skrifa smásögu, þar sem þeir skila tveimur A4 tölvuskrifuðum síðum tvisvar sinnum og svo skila þau sögunni í heild þegar þau hafa leiðrétt eftir leiðbeiningum frá kennara.

Kennsluaðferðir: Innlögn, umræður, sjónræn upplifun og sagnalist.

Stafsetning: Nemendur fá verkefnahefti frá kennara sem þeir vinna í jafnt og þétt yfir önnina.

Kennsluaðferðir: Innlögn og vinnubókarkennsla.

Ljóð: Nemendur vinna fyrstu fimm kaflana í bókinni Bragfræði eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Framsögn: Nemendur munu þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkinn sem og að hlusta af virðingu á þann sem tjáir sig. Unnin verða um það bil þrjú framsagnarverkefni á önninni.

Lokapróf verður í annarlok.

Skólaeinkunn samanstendur af öllum þeim kaflaprófum, könnunum og verkefnum sem nemendur vinna á önninni auk lokaprófs í desember sem gildir 30% af lokaeinkunn.

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi námið hafið endilega samband við mig irena.lilja.kristjansdottir@reykjavik.is.

Með kveðju og ósk um gott samstarf, Írena Lilja ☺

